

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. október 2016 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-84/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. október 2015 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar auk skaðabóta, en til vara að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 20. október sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 3. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 1. október 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 650.000. Var bifreiðin af gerðinni Ford F150 Harley Davidson, árgerð 2001, og á kaupdegi hafði henni verið ekið 152.000 mílur, þ.e. um 245.000 km. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi verið tekið fram að bifreiðin væri í góðu ástandi. Reynsluók álitsbeiðandi bifreiðinni í um 5 mínútur og fann að bremsur voru lélegar en ákvað samt að bjóða í bifreiðina. Kom á daginn að seljandi var tilbúinn til að láta bifreiðina fyrir kr. 650.000, en ásett verð hafði verið kr. 1.290.000 en bifreiðin á tilboði fyrir kr. 890.000, þegar álitsbeiðandi skoðaði hana. Segir álitsbeiðandi að sér hafi þótt kr. 650.000 vera gott verð, þrátt fyrir að dekk og bremsur væru illa farin eða ónýtt og því ákveðið að festa kaup á bifreiðinni. Segir álitsbeiðandi að um þremur dögum eftir kaupin hafi hann orðið þess var að bifreiðin rásaði þegar henni var ekið hraðar en 80 km/klst. Fór hann því með bifreiðina á verkstæði. Þar kom í ljós að auk þess sem bremsur voru ónýttar, voru þrjár legur einnig farnar. Þegar opna átti drif, hvar legurnar voru, kom í ljós að bolti sem hélt saman drifinu var forskrúfaður og hélt ekki eins og hann átti að gera. Þá kom í ljós að drifið var brotið. Taldi verkstæðið að fullnaðarviðgerð á drifinu myndi kosta um kr. 480.293 og gerði álitsbeiðanda skriflegt tilboð þar að lútandi. Segist álitsbeiðandi þegar hafa greitt kr. 120.000 fyrir viðgerð á diskum og bremsum, ásamt kostnaði við bilanagreiningu. Krefjist hann þess að fá þá fjárhæð greidda frá seljanda, ásamt því að kaupunum á bifreiðinni verði rift. Til vara krefst hann þess að seljandi greiði fyrir viðgerð á drifinu, kr. 480.000.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af viðgerðartilboði verkstæðis, afrit af kaupsamningi og afsali fyrir viðskiptunum, sem og afrit af tölvupóstsamskiptum álitsbeiðanda við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaup á bifreiðinni sem deilt er um.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitseiddandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi bifreiðina xx-000 af seljanda hinn 1. október 2015 fyrir kr. 650.000. Var bifreiðin af gerðinni Ford F150 Harley Davidson, árgerð 2001, fyrst skráð 15. júní 2001.

Bifreiðin var því um 14 ára og 4 mánaða ára á kaupdegi og hafði verið ekið 152.000 mílur, þ.e. um 245.000 km, þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 1. október 2015, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi staðfestir að bifreiðasali hefur vakið athygli hans á þeim rétti sínum að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Einnig er bent á skoðunarskyldu kaupanda.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitseiddanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitseiddandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Það mun álitseiddandi hins vegar hafa kosið að gera ekki og látið sér nægja að reynsluaka bifreiðinni sjálfur. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Álitsbeiðandi virðist að hluta til byggja kröfu sína um riftun á kaupum á umræddri bifreið á því að seljandi hafi vitað af, eða mátt vita af, því að drif í bifreiðinni væri ónýtt eða illa farið, þar sem skoðun verkstæðis á drifinu leiddi í ljós að bolti sem hélt því saman var forskrúfaður. Sem fyrr greinir slagar áætlaður kostnaður við viðgerð á dreifinu hátt í kaupverð bifreiðarinnar. Telur álitsbeiðandi þannig að seljandi hafi átt að vita af því að eitthvað amaði að drifinu og að það hefði átt að koma fram við kaupun og bifreiðin því haldin galla í skilningi b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna. Í gögnum málsins kemur fram að seljandi hafi aðeins átt bifreiðina í skamman tíma og því e.t.v. ekki vitað af slælegu ástandi drifs bifreiðarinnar. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 16. gr. laganna nær hins vegar út fyrir það sem með vissu er hægt að sína fram á að seljandi hafi vitað og yfir það sem ekki er afsakanlegt að seljandinn hafi ekki vitað um. Telur nefndin rétt að líta svo á að að þessu leyti hafi verið um galla að ræða á bifreiðinni.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða getur neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Álitsbeiðandi hefur í máli þessu aðallega krafist riftunar, auk skaðabóta, en til vara eingöngu skaðabóta. Samkvæmt eigendaferli bifreiðarinnar seldi álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 11. janúar 2016. Bifreiðin er því ekki lengur í hans höndum og getur riftun því ekki farið fram. Stendur þá eftir varakrafa álitsbeiðanda um skaðabætur. Sú krafa er engum gögnum studd, öðrum en áætluðum viðgerðarkostnaði fyrir viðgerð á drifi, sem ekki kemur nokkuð fram um hvort átt hafi sér stað. Þá kemur ekki fram á hvaða verði álitsbeiðandi seldi bifreiðina hinn 11. janúar, og þannig liggur ekkert fyrir um mögulegt tjón álitsbeiðanda ef eitthvað var. Af þessum sökum verður ekki hjá því komist að hafna kröfum álitsbeiðanda.

Umtalsverður dráttur hefur orðið á afgreiðslu máls þessa fyrir nefndinni. Meginástæða dráttarins er sú að á tímabilinu 6. júlí til 19. október 2016 var kærunefndin óstarfhæf sakir þess að skipun nefndarmanna hafði ekki verið endurnýjuð. Þeir einstaklingar sem áður höfðu haft skipun til starfa í nefndinni voru því umboðslausir og höfðu ekki heimild til að sinna nefndarstörfum.

V

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson